

# Hverfisnefnd Naustahverfis,

## 34. fundur 20. september 2011.

Mættir: Anna Sjöfn, Ásdís, Bjarni ,Björk, Gísli og Hrafnhildur.

### 1. Fundur um Dalsbraut.

Rætt um íbúafund um Dalsbraut sem haldinn var í Lundaskóla 8. september s.l. Þeir sem á fundinum voru fóru í grófum dráttum yfir fundinn og var ýmislegt rætt, nefndin glöð með afdráttanlausan vilja L-listans til að leggja Dalsbrautina og einnig með þær skipulagsteikningar sem fyrir liggja.

### 2. Aðalfundur 29. september 2011

Dagskrá aðalfundar rædd, ákveðið að fram fari kynning á skipulagi Dalsbrautar. Einnig var rætt um að reyna að fá fulltrúa frá íþrótt- og tómstundaráði og jafnvel fleiri sem að íþróttamálum bæjarbúa koma til að ræða framtíðarsýn þeirra á uppbyggingu íþróttasvæðis í Naustahverfi. Hrafnhildur tekur að sér að tala við þá sem til greina koma. Einnig talar hún við skólustjóra Naustaskóla um að fá húsnaði undir aðalfundinn. Ákveðið að auglýsa fundinn með viku fyrirvara í Bónus og síðan í Dagskránni þann 28. september þ.e. degi fyrir fund. Einnig talar Hrafnhildur við skólustjóra Naustaskóla og Naustatjarnar um að senda auglýsingu í gegn um Mentor.is Auk þessa verða venjuleg aðalfundastörf.

### 3. K.A menn í heimsókn.

Hverfisnefndin bauð fulltrúum K.A. í heimsókn til að spjalla m.a. um framtíðarsýn þeirra á uppbyggingu íþróttasvæðis í Naustahverfi, þar sem fram hefur komið að þeim hafi verið úthlutað svæði í hverfinu sem þeir hafi hafnað.

Mættir voru f.h. K.A.

Hrefna G. Torfadóttir formaður

Sigurbjörn Sveinsson varaformaður

Sigríður Jóhannsdóttir gjaldkeri

Sigurður K. Harðarson ritari

Erlingur Kristjánsson form. Handknattleiksdeildar

Gunnar Garðarsson form. Blakdeildar

Gunnar Jónsson, framkvæmdastjóri K.A.

Pétur Ólafsson.

Gunnar Jónsson fór yfir samskipti K.A. og íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrarbæjar frá árinu 2005. Skv. Gunnari hafa fulltrúar K.A. ítrekað bæði sent bréf og fundað með fulltrúum Akureyrarbæjar án þess að fá nokkra niðurstöðu um framtíðarskipulag íþróttasvæðis í Naustahverfis, þar sem K.A. mönnum þótti það svæði sem þeim var úthlutað, sunnan við Bónus, of lítið og ekki bjóða upp á þá uppbyggingu sem K.A.

mönnum þótti ljóst að þyrfti að verða í hverfinu ekki síst í ljósi þess að núverandi svæði K.A. mun skerðast með tilkomu Dalsbrautar.

Fram kom að K.A. er opinberlega með lagningu Dalsbrautar og hafi sú ákvörðun verið tekin þegar ljóst var að það væri ófrávíkjanleg ætlan bæjaryfirvalda að leggja Dalsbrautina, að það væri þá best að vinna með þeirri ákvörðun með hagsmuni K.A að leiðarljósi.

Formaður K.A. Hrefna G. Torfadóttir lýsti yfir eindregnum vilja K.A. til að byggja framtíðarsvæði K.A. í Naustahverfi.

Ákveðið var að K.A. og Hverfisnefnd Naustahverfis þrýsti á bæjaryfirvöld um svör við því hvar bæjaryfirvöld hugsa sér framtíðarsvæði íþróttamannvirkja og voru aðilar fundarins sammála um að byggingarreitir 13 og 14, sunnan Sómatúns, væru vænlegustu kostirnir í því sambandi. Því það er orðið brýnt bæði fyrir Naustahverfi og K.A. að fyrir liggi sem fyrst hvar íþróttasvæðið eigi að vera þó framkvæmdir fari ekki strax á fullt.

Kvöddu K.A menn að góðum umræðum loknum.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Funargerð ritaði Anna Sjöfn.